


KÆRLEIKSHEIMILIÐ



miljón, billjón og trilljón.... hvað kemur á eftir trilljón? Trilljón og einn.



Samstaða í óheppninni


Þótt líkar séu, eru þær ekki tvíburar þessar systur, það er ár í milli þeirra. Bryndís Gunnarsdóttir t.v. er 8 ára, en

Hrafnhildur 9 ára. Þær eru einstaklega samstiga í óheppninni, því að sl. föstudag datt Bryndís í skólanum og handleggsbrotnaði rétt fyrir ofan úlnliðinn. Mánudaginn á eftir datt Hrafnhildur í skólanum og handleggsbrotnaði rétt fyrir ofan úlnlið. Önnur á vinstri hönd, hin á hægri eins og myndin sýnir. Arið 1978 fótbrotuðu þær báðar. Bryndís fyrst en Hrafnhildur nokkrum dögum síðar og þá var brot þeirra systra alveg eins. Það er ekki að furða þótt þær séu svölifið mæddar á svipinn. (Ljós. —gel—).

Helgi gegn lesendum



Við birtum hér aftur sömu stöðumynd og í gær. Því miður náðist ekki í Helga til að láta hann halda skákinni áfram í dag. Þið fáið því ögn lengri umhugsunarfrest. Hringið í síma 81333, milli kl. 9 og 18 í dag.



Allir voru lesendur sammála um leikinn 30. b7xa6 enda kom vart annað til greina. Helgi svarar með 31. Hb1-e1 og þrýstir mi óþægilega á riddarann á e7.

viðtalið

Rætt við Steinunni Marteinsdóttur listakonu

Leirlist að Kjarvalsstöðum

Leirlist (keramik) er ekki gömul listgrein hér á landi, þótt tíðkast hafi um árbúsundir úti í þeim stóra heimi. Astæðan er væntanlega sú, að sá leir sem til er hér á landi er ekki nógu gamall og góður og því þarf að flytja efnið inn. Leirlistarmenn stofnuðu félag fyrir skömmu til að efla listgrein sína og um þessar mundir sýnir einn þeirra verk sín að Kjarvalsstöðum, Steinunn Marteinsdóttir, sem löngu er góðkunn fyrir sérstæða leirlist sína.

— Hvernig hefur sýningin gengið Steinunn?

Hún hefur gengið vel. Ég er sérstaklega ánægð með aðstæðurnar að Kjarvalsstöðum, birtan í ganginum er sérstaklega heppileg fyrir leirmunina.

— Hvað sýnirðu, og hafa verk þín breyst á undanförunum árum?

Ég sýni 100 leirverk og teikningar sem ég gerði við kvæði Tómasar Guðmundssonar „Stjörnur vorsins“ í tilefni af 75 ára afmæli hans. Mér fannst hafa að sýna þær núna, þegar hann er átræður. Það segja margir að verk mín hafi breyst, en frá minum bæjardryrum sé hafa þau þróast. Ég nota aðra brennsluáferð en áður, há-brennslu, er með postulin og steinleir. Við það skapast aðrir möguleikar og leirinn verður sterkari.



Steinunn Marteinsdóttir

— Hefurðu allar nauðsynlegar aðstæður heima fyrir?

Ég hef verkstæði og galleri hér heima að Hulduhólum og sel allt héðan, en ekki í verslanir.

— Er leirlistin ekki dýr listgrein fyrir listamanninn?

Jú, það er dýrt að koma sér upp verkstæði, bæði er ofinn og verkfærin dýr, og það er eiginlega nauðsynlegt að hafa allt á staðnum. Það er dýrt að flytja leirmunina á milli og leirinn er svo viðkvæmur í flutningi.

— Það er oft gerður greinarmumur á nytjalist og annarri list, hvað vilt þú segja um það?

Mér finnst mjög hæpið að tala um nytjalist og einhverja æðri list. Það er alveg eins mikil list að búa til fallegan bolla, eða þrjóna þeysu, og að mála á striga eða gera höggmynd. Ég

held að augu fólks séu að opnast fyrir því hve umhverfislist er mikilvæg þó að Íslendingar eigi enn langt í land m.a. vegna þess hve leirlistin og nytjalist yfirleitt er ung hér á landi.

— Hvernig finnst þér leirlistin hér standa í samanburði við það sem þú þekkir erlendis?

Við eigum mjög gott fólk í greininni hér á landi. Það kom fram sá misskilningur þegar sagt var frá stofnun félagsins okkar að þar fengi eingöngu inngöngu fólk sem fengist við frjálsa myndsköpun, en það er einmitt fyrir þá sem vinna að nytjalist, til að stuðla að listrænu keramik.

— Að lokum, hvað stendur sýningin þín lengi?

Henni lýkur um næstu helgi. —ká

Spakmæli dagsins


er fengið úr nýjasta „Prentar- anum“:



jakob

Allir vita að kventólk getur leyst karlmenn af hólmum við hvaða stórt sem er, hins vegar hefur sá karlmaður ekki fundist sem hefur getað tekið að sér starf láglaunaðrar konu.

Hestasögur



Allir voru lesendur sammála um leikinn 30. b7xa6 enda kom vart annað til greina. Helgi svarar með 31. Hb1-e1 og þrýstir mi óþægilega á riddarann á e7.

FOLDA